

Orkustofnun
María Guðmundsdóttir
Grensásvegur 9
108 Reykjavík

Garðabær, 25. mars 2024
Málsnúmer: 202403-0009
IAS

Efni: Umsókn Sunnlenskrar orku ehf um rannsóknarleyfi í Ölfusárdal

Við er í tölvubréf frá Orkustofnun frá 4. mars 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Sunnlenskrar orku ehf. um rannsóknarleyfi í Ölfusdal. Sótt er um rannsóknarleyfi til 5 ára auk forgangs að nýtingarleyfi fyrir hitaveitu á gildistíma rannsóknarleyfis og í tvö ár eftir að gildistíma líkur.

Tilgangur Sunnlenskrar orku ehf með rannsóknunum er að sýna fram á að hugmyndalíkan af jarðhitakerfinu í Ölfusdal standist og að fá úr því skorið hvort nýta megi jarðhitann þar á hagkvæman hátt til raforkuvinnslu og iðnaðar.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér umsóknina og meðfylgjandi fylgiskjöl og kemur með eftirfarandi athugasemdir.

Grændalur og Bitra á Hengilssvæðinu, sem bæði eru í verndarflokki í þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu landsvæða sem samþykkt var á Alþingi 15. júní 2022, eru norðan við fyrirhugað rannsóknarsvæði og skarast rannsóknarsvæðið við verndarsvæðið Grændal. Í 6. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun (lög 48/2011) segir í 2. málsgrein: „Stjórnvöldum er ekki heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknnum eða orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem eru í verndarflokki eða eru á svæðum sem ástæða er talin til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu. Þá eru aðrar orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar einnig óheimilar.” Einnig skarast rannsóknarsvæðið við tillögu Náttúrufræðistofnunar á B-hluta náttúruminjaskrár, Grændalur sem tilnefnt er vegna vistgerða á landi og ferskvatnsvistgerða, en tillagan nær yfir stærra svæði en verndarsvæðið (Sjá meðfylgjandi kort).


Í umsókn um rannsóknarleyfi kemur fram að „fyrirhugaðar eru landmælingar, jarðfræðiathuganir, umhverfisathuganir og annað sem kann að vera grundvöllur þess að leggja mat á hvort þörf sé á öflun umhverfismats, ...“ Greinagerð um rannsóknir í Ölfusdal fylgir umsókninni en ekki er fjallað ítarlega um fyrirhugaðar rannsóknir. Talið er líklegt að bora þurfi a.m.k. eina (allt að 2000 m) rannsóknarholu en fram kemur að rannsóknarborun sé háð sérstöku leyfi og komi til þess „verður, eftir atvikum og samkvæmt þeim lögum sem gilda, sótt um leyfi eða leitað samþykkt hjá til þess bærum stjórnvöldum.“ Nú eru tvær borholur í Ölfusdal nýttar fyrir hitaveitu í Hveragerði og nágrenni.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að orkuvinnsla til raforkuframleiðslu á þessum stað sé ekki æskileg vegna nálægðar við verndarsvæði þar sem óvíst er hvort, og þá hvað mikil áhrif, aukin nýting hefði á verndarsvæðin. Þá er fyrirhugað rannsóknarsvæði mjög nálægt þéttbýli og vinsæl



útivistarsvæði og hætta er á brennisteinsmengun og að fyrirhuguð niðurdæling jarðhitavökva eftir nýtingu leiði til aukinnar jarðskjálftavirkni.

Náttúrufræðistofnun mælir ekki með því að rannsóknarleyfi á þessu svæði verði veitt.



Mynd sem sýnir rannsóknarsvæðið (rautt), svæði í verndarflokki rammaáætlunar (gul) og B-hluta tillögu Náttúrufræðistofnunar (fjólublátt). Rannsóknarsvæðið nær að hluta inna á verndarsvæðið Grændal og inn á B-hlutatillögu Náttúrufræðistofnunar.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink that reads "Ingvar Atli Sigurðsson". The signature is fluid and cursive, with a long horizontal stroke at the end.

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

